

Nr. 56.
10.
nóvbr.

Lög

um

bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallitz á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum sauðfjenað, nautgripi, hesta, svín og geitur. Þó má stjórnarráðið með ráði dýralæknis veita undanþágu frá banni þessu, enda setji þá tryggilegar reglur um í hvert sinni. Undanþáguleyfið og reglurnar skal prenta í B-deild Stjórnartíðindanna.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, ekki lægri en 100 kr., fyrir skipstjóra þann, er fjenaðinn flutti inn, og jafnháum fyrir þann, er fjenaðinn á, og skal fjenaðurinn gjörður upptækur og drepinn að tilhlutun lögreglustjórannar.

Brot gegn reglum þeim, sem stjórnarráðið setur samkvæmt 1. gr., varða eiganda sektum, ekki lægri en 100 kr., enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim fjenaði hlýzt, er hann flutti inn án leyfis, eða hirti eigi samkvæmt reglum stjórnarráðsins.

3. gr.

Lög um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje frá 17. marz 1882 eru úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

LOV

om

Forbud mod Indførsel af Kreaturer fra Udlandet.

Nr. 56.
10.
Novbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg.

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Det forbydes Alle og Enhver til Island at indføre Faar, Hornkvæg, Heste, Svin og Geder fra Udlandet; dog kan Ministeriet efter Samraad med en Dyrlæge bevilge Undtagelse fra dette Forbud, men det skal da i hvert enkelt Tilfælde fastsætte betryggende Forholdsregler i bemeldte Henseende. Undtagelsesbevillingen saavel som de nævnte Regler bekendtgøres i Regeringstidendens Afdeling B.

§ 2.

Overtrædelser af denne Lov straffes med Bøder, ikke under 100 Kr. for den Skibsfører, der indfører Kreaturer til Landet, og en lige saa stor Bøde for Kreaturerne Ejer, hvorhos Kreaturerne konfiskeres og nedslagtes efter Politiets Foranstaltning.

For Overtrædelser af de af Ministeriet ifølge § 1 foreskrevne Forholdsregler, straffes vedkommende Ejer med en Bøde paa ikke under 100 Kr., hvorhos han erstatter al den Skade, der foraarsages ved de af ham uden Tilladelse indførte Kreaturer, eller derved, at han har forsømt at behandle dem overensstemmende med de af Ministeriet foreskrevne Regler.

§ 3.

Lov om Forbud mod Indførsel af Kreaturer fra Udlandet af 17de Marts 1882 ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 10. November 1905.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.